

Áslaug Ingibjörg Kristjánsdóttir heiti ég og hef gefið kost á mér fyrir Vesturlandsprófastsdæmi í komandi Kirkjubingskosningum. Ég er fædd og uppalin í Stykkishólmi og býi hér lengi úr lífi mínu og hér á ég heima í dag.

Ég hef starfað í sóknarnefnd Stykkishólmsóknar síðan 2015, verið kirkjuvörður síðan 2016 og meðhjálpari síðan 2020 ég hef í gegnum tíðina verið virk í kirkjustarfi almennt. Sungið í kirkjukórnum verið í stjórn kórsins og var í fjáröflunarnefnd fyrir orgelkaup. Ég hef sótt guðsþjónustur og messur vel í gegnum tíðina og mig langar mikið til að fólkið sem ekki þekkir það að koma til kirkju kynnist því, finni friðinn og slökunina sem því fylgir. Ég er fulltrúi Vesturlandsprófastsdæmis í Leikmannastefnunni og er stofnfélagi Sóknasambands Íslands.

Ég hef kynnst málefnum kirkjunnar og hef áhuga á að leggja mitt að mörkum til frekari starfa innan kirkjunnar, gera allt til þess að efla sóknir landsins og efla kirkjustarfið á allan mögulegan hátt. Einnig finnst mér að gera megji meira af því að samtal og upplýsingamiðlun á því sem er á döfinni fari fram. Vefurinn er ljómandi góður og fundum kirkjubings stremmt, en ég tel að fulltrúar sem á þinginu eru gætu gert betur í því að taka saman það sem þar er gert og t.d. mætt með þær fréttir á héraðsfundi eða sent á sóknarnefndir.

Nú er staðan í málefnum Þjóðkirkjunnar sú að meiri breytingar hafa verið gerðar á yfirstjórn hennar en nokkru sinni fyrr.

Rekstur eigna og öll önnur fjárstýring hefur verið skilin frá venjulegri stjórnslu Biskups Íslands. Nýtt skipurit hefur verið samþykkt, þar sem annars vegar er Biskupsstofa og hins vegar Rekstrarstofa. Kirkjubingir fer nú með fjárstjórnarvaldið í Þjóðkirkjunni, sem kirkjuráð undir forystu biskups Íslands gerði áður. Kirkjuráð hefur nú verið lagt niður.

Ráðið hefur verið í stöðu framkvæmdastjóra Rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og fyrir valinu varð Birgir Gunnarsson. Hann tekur við þessu nýja starfi 1. júní nk.

Vegna alls þessa mun kirkjubingir gegna enn stærra hlutverki í málefnum sókna og prestakalla um landið.

Það er ljóst að þessum breytingum, munu fylgja enn meiri breytingar á hinum ýmsu innviðum Þjóðkirkjunnar og þar með talin sú þjónusta sem hún veitir um allt land.

Framundan eru augljóslega átök um stöðu hinna dreifðu byggða andspænis þéttbýlinu. Ég vil leggja mitt lóð á þá vogarskál að vera talsmaður okkar prófastsdæmis, með því að gefa kost á mér til setu á kirkjubingi. Á næsta kjörtímabili verður að standa fast í fæturnar til að verja þjónustuna á landsbyggðinni.

Ef frekari upplýsinga er óskað eða samtals, vinsamlegast ekki hika við að hafa samband.

Áslaug / Kristjánsdóttir (sign)

Ægisgata 7, 340 Stykkishólmi.

Kt. 250162-5459

Netfang. lambadrottning1@gmail.com

Sími 848-9769

